

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 36/2014

036-2014i

frá 8. apríl 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 480/2013 frá 24. maí 2013 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 788/2012 að því er varðar tímabilið fyrir valfrjálsa greiningu tiltekinnar varnarefna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 772/2013 frá 8. ágúst 2013 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir difenýlamín í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 777/2013 frá 12. ágúst 2013 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórdínafóp, klómasón, díurón, etalflúralín, joxýnín, ípróvalíkarb, malínhýdrasíð, mepanípyrím, metkónasól, prósulfókarb og tepraloxýdím í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 834/2013 frá 30. ágúst 2013 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asekinósýl, bixafen, díasínón, dífenókónasól, etoxasól, fenhexamíð, flúdíoxónín, ísópýrasam, lambda-sýhalótrín, prófenófos og próbíókónasól í eða á tilteknum afurðum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 985/2013 frá 14. október 2013 um breytingu og leiðréttingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar tiltekin bragðefni ⁽⁵⁾.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 7) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi undirliðir bættist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32013 R 0772**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 772/2013 frá 8. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 217, 13.8.2013, bls. 1),
- **32013 R 0777**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 777/2013 frá 12. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 221, 17.8.2013, bls. 1),

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 25.5.2013, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 217, 13.8.2013, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 221, 17.8.2013, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 233, 31.8.2013, bls. 11.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 273, 15.10.2013, bls. 18.

- **32013 R 0834**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 834/2013 frá 30. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 233, 31.8.2013, bls. 11).“

2. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005):
 - „– **32013 R 0772**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 772/2013 frá 8. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 217, 13.8.2013, bls. 1),
 - **32013 R 0777**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 777/2013 frá 12. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 221, 17.8.2013, bls. 1),
 - **32013 R 0834**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 834/2013 frá 30. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 233, 31.8.2013, bls. 11).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzs (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008):
 - „– **32013 R 0985**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 985/2013 frá 14. október 2013 (Stjtið. ESB L 273, 15.10.2013, bls. 18).“
3. Eftirfarandi bætist við í 74. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 788/2012):
 - „eins og henni var breytt með:
 - **32013 R 0480**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 480/2013 frá 24. maí 2013 (Stjtið. ESB L 139, 25.5.2013, bls. 4).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 480/2013 og reglugerða (ESB) nr. 772/2013, (ESB) nr. 777/2013, (ESB) nr. 834/2013 og (ESB) nr. 985/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. apríl 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. apríl 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.